

Mættir voru Jón B. Hannesson skólastjóri, Thelma Baldursdóttir, Elín S. Eyjólfsdóttir, Eyrún Tanja Karlsdóttir og Ögri Harðarson.

Fjarverandi: Ragna Kristjánsdóttir, Ellen Óskarsdóttir og Aðalsteinn Ingi Pálsson

Fundarefni var starfsáætlun Giljaskóla 2014-2015.

Jón setti fund og sagði frá áætlun fræðslustjóra um skil grunnskóla á starfsáætlunum skóla á Akureyri. Á síðasta ári var mikil vinna var lögð í starfsáætlun og skólanámskrá Giljaskóla og í vetur verður sú vinna endurmetin. Í aðalnámskrá grunnskóla eru fyrir mæli um hvað starfsáætlun og skólanámskrá eiga að innihalda og skýrði Jón frá helstu atriðum. Skólaráð verður að fjalla um starfsáætlun skóla og staðfesta hana fyrir komandi ár. Allir meðlimir eru búnir að fá starfsáætlunina senda á rafrænu formi. Starfsáætlun Giljaskóla er í fjórum meginhöfnum sem heita Stefnur og áætlanir, Starfsmenn, Stoðþjónusta og Námsvísar. Að lokinni umfjöllun skólaráðs verður starfsáætlunin send fræðslustjóra og birt á heimasíðu Giljaskóla. Allt opinberir pappírar.

Í fyrra var fjallað um Stoðþjónustukaflann með skólaráði.

Flett var í gegnum Stefnur og áætlanir sem er stærsti kaflinn og urðu umræður um ýmislegt sem þar kemur fram.

Elín lagði til að ferðir á Reyki yrðu endurskoðaðar m.a. vegna þessa að það virðist sem þjónusta við nemendur minnki á sama tíma og gjaldið hækkar. Leggur til að skoðað verði með Lauga í Sælingsdal í staðinn. Fulltrúar nemenda vilja alls ekki að þessar ferðir verði lagðar af en eru tilbúin að skoðað verði með Lauga. Elínu falið að kanna verð og þjónustu.

Rætt var um ýmsa viðburði á skóladagatali. Skoða þarf viðmiðunarstundaskrá og bera saman við þá stundaskrá sem gildir þetta ár í unglingadeild. Umræður urðu um fyrirkomulag vinnustunda í unglingadeildinni. Fulltrúar nemenda misánægðir með fyrirkomulag þessa árs. Eyrúnu fannst betra eins og var í fyrra en Ögri fannst það sem verið er að gera í vetur betra. Fram kom að verkefni eru misgóð og vinnuframlag nemenda mismikið og gæði eftir því misjöfn.

Ýmislegt fleira rætt.

Næsti fundur ekki boðaður.

Þorgerður J. Guðlaugsdóttir ritari